

## SVEINSPRÓF Í GULL- OG SILFURSMÍÐI

### KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd heldur kynningu á framkvæmd og starfsreglum sveinsprófs. Þar fá væntanlegir próftakar allar þær upplýsingar sem þeir þurfa og geta þá lagt fyrir spurningar um þau atriði sem eru óljós. Að öllu jöfnu skal slík kynning fara fram á prófstað þar sem próftakar geti um leið kynnt sér aðstöðuna. Þessi kynning fer fram samtímis eða eftir að próftakar hafa fengið efnislista fyrir prófið. Á þessum fundi eru próftakar upplýstir eftir því sem hægt er um helstu atriði skriflegs prófs.

### PRÓFSTAÐUR

Verklegi og skriflegi hluti sveinsprófs í gull- og silfursmíði fer fram í þeim verknámsskóla sem hefur yfir að ráða fullnægjandi verknámsstofu í gull- og silfursmíði og hefur með höndum fagkennslu í iðninni. Formaður sveinsprófsnefndar ákveður prófstað (sbr. 9. gr. reglugerðar) í samráði við umsýsluáðila (sbr. 19. gr. reglugerðar). (IÐAN fræðslusetur). IÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn þess staðar þar sem prófið fer fram gera með sér samning um afnot sveinsprófsnefnda af húsnæði fyrir sveinsprófin. Sveinsprófsnefndin tilkynnir skóla um sveinspróf og tímasetningu þess og óskar eftir afnotum af fyrrnefndri aðstöðu. Áður en sveinspróf hefst tekur prófnefnd út aðstöðu og metur hvort hún sé fullnægjandi. Núverandi prófstaður er Tækniskólinn í Reykjavík.

### AÐSTAÐA

Til að leysa af hendi sveinsprófsverkefni í gull- og silfursmíði nota próftakar eigin handverkfæri en hafa aðgang að aðstöðu verknámsskólans. Þeir skulu sjálfir leggja til sagarblöð, smergelpappír og önnur slík einnota verkfæri er þeir telja nauðsynleg. Próftakar hafi á prófstað afnot af helstu vélum og tækjum sem þarf umfram grunnhandverkfærin. Próftakar hafa eingöngu afnot af þeim gasverkfærum sem tengd eru vinnuborðum kennslustofunnar en þar er um að ræða kosan/propangas með hefðbundnum gasbyssum til nota með því gasi. Fyrir sum hjálpartæki þarf að fá heimild prófnefndar og eftir atvikum skólans til að nota, (til dæmis sérstakar gerðir gastækja aðrar en skólinn er venjulega búinn). Notkun hverskyns gas og súr verkfæra er alfarið á ábyrgð próftaka sjálfra og er ekki heimiluð nema próftakar ábyrgist fulla kunnáttu við notkun þeirra, tengingar og viðhald. Að afloknu sveinsprófi ganga próftakar frá verknámsaðstöðunni í samráði við umsjónarmenn skólans.

*Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega*

## PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Prófþættir sveinsprófs í gull- og silfursmíði smíði eru þrjú sjálfstæðir þættir og skal próftaki standast þá alla til þess að sveinsprófinu sé lokið (sbr.12. gr. reglugerðar nr. 698/2009 um sveinspróf) og eru þeir:

- 1) Skriflegt próf 100%.
- 2) Verklegt próf 100%
- 3) Framlagning ferilbókar (Ekki er gefin töluleg einkunn fyrir þennan þátt, heldur Staðið/Ekki staðið)

Verklegi hluti prófsins felst í smíði stykkis úr 14 karata (585/1000) gulli. Sveinsprófsnefnd leggur til teikningu af prófstykki.

Sérstök einkunn er gefin fyrir hvern prófþátt og skal próftaki ná tilskildum lágmarksárangri í hverjum prófþætti fyrir sig til þess að standast sveinsprófið (sbr. 14. gr. reglugerðar).

Próftaki verður að lágmarki að ná einkunninni 5,0 úr hvorum þeirra prófhluta sem töluleg einkunn er gefin fyrir.

## SKRIFLEGT PRÓF

Skriflegt próf er lagt fyrir í upphafi annars vinnudags í sveinsprófi kl. 08:00. Ef próftaki mætir 15 mínútum of seint í skriflegt próf telst það fall á því. Frumniðurstöður þess liggja fyrir samdægurs, þ.e.a.s. upplýsingar um hvort próftakar hafi staðist það. Áframhald verklegs prófs er háð því að skriflegu prófi sé lokið á tilsettum tíma nema fyrir liggja læknisvottorð. Endanleg einkunn verður birt um leið og einkunn í verklegum þætti prófsins. Helstu þættir sem prófað er úr í skriflegu prófi felast í eftirfarandi atriðum sem kröfur eru gerðar um að próftakar hafi góða þekkingu á. Þar er um að ræða grunnatriði faglegrar efnis- og efnafræði og í öryggismálum gullsmíða þar sem próftakar geri skil á:

- a) Eðliseiginleikum, legeringum (þar með talið útreikningar mismunandi legeringa) og efnafræðilegum eiginleikum eðalmálma. Mál og vog ásamt ýmsum grundvallaruppskriftum (formúlum).
- b) Meðhöndlun málma (smíðamálma og verkfærasmíði) við skartgripasmíði, s.s. bræðsla (bræðslumark), hersla, afglóðun o.þ.h.
- c) Blöndun, meðhöndlun og öryggisþáttum sterkra eiturefna í gull- og silfursmíði.

Próftími skriflegs prófs er 30 mínútur nema annað sé tekið fram, er það talið innan tímamarka sveinsprófsins. Sjúkrpróf er haldið í lok verklegs prófs sbr. almennar reglur þar um.

## VERKLEGT PRÓF

Mæta skal tímanlega fyrir kl. 08:00 fyrsta prófdag. Formaður prófnefndar eða staðgengill hans afhendir prófgögn kl. 08:00 við upphaf prófs. Ef próftaki mætir hálfri klukkustund of seint í upphafi verklegs prófs telst hann fallinn í því. Stefnt er öllu jöfnu að því að vinnuvika sveinsprófs sé heil, frá mánudegi til föstudags. Smíðað er til kl. 17:30 alla prófdagana nema föstudaginn í prófavíkunni, sem jafnframt er síðasti smíðadagur, þann dag skal smíðað til kl. 15:00. Er prófstykki þá skilað til prófnefndar ásamt öllum gögnum. Samtals eru þetta 40 klukkustundir þegar frá hafa verið dregin matar- og kaffihlé sem er samtals 1 klukkustund á dag. Skriflegt próf er lagt fyrir kl. 8 á þriðjudegi sem er annar dagur prófsins og er það talið innan framangreindra tímamarka. Áframhald verklegs prófs er háð því að skriflegu prófi sé lokið á tilsettum tíma nema fyrir liggja læknisvottorð. Prófnefndarmenn skiptast á um að sitja yfir í prófinu. Ef álitamál koma upp eða eitthvað fer úrskaiðis hefur prófnefndarmaður sem þá situr yfir samráð við formann prófnefndar varðandi úrlausn þess. Smíðaverkefni skal afhent prófnefnd til geymslu í lokaðri hirslu í lok hvers vinnudags.

### MATSÞÆTTIR VERKLEGS SVEINSPRÓFS

Í samræmi við 14. gr. reglugerðar er sérstök einkunn gefin fyrir hvern prófþátt og skal próftaki ná tilskildum lágmarksárangri í hverjum prófþætti til þess að standast sveinsprófið. Einkunn í sveinsprófi byggist á reiknuðu meðaltali prófþátta. Um einkunnagjöf á sveinsprófum fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla.

Samkvæmt framangreindu skal gefa einkunn einstakra liða í hundradshlutum (frá 0,1 –10) og reikna meðaltal þeirra í hlutfalli við vægi þeirra. Lokaeinkunn er námunduð í heila tölu.

Vægi	Verklegr þættir sveinsprófsverkefnis	Atriði sem koma til skoðunar við mat	Frávik í smíði verkþátta	Frádr í %
20%	Málsetning:	Próftakar fá fyrir fram uppgefnar efnisstærðir í efnislista og eru því gerðar auknar kröfur um nákvæmni. Svigrúm í fullsmíðuðum prófstykkjum er frávik plús eða mínus 5% frá uppgefnu málsetningum á þykktum. En lengdir smíðishluta þurfa að standast stíft mál. Minniháttar frávik geta mælst vegna mismunandi rennimála (skíðmála). Prófnefnd skal því nota tvö eða fleiri rennimál við dæmingu. Smíðishlutar í jafnarma smíðisgripum þurfa þá að mælast 100% jafn langir þar sem við á.	Lágmarks frádráttur í hverjum þætti er 1/4 frádráttarins. (Á við alla matsþætti.)	
			Röng efnisþykkt.	20%
			Misþykkir smíðahlutar.	20%
			Rangar lengdir.	20%
			Skekkja í samsetningu.	40%
30%	Kveiking:	Kveikingar þurfa að vera hreinar og samskeyti ógreinanleg. Leggja þarf mat á galla í kveikingum í fjórum stigum og er einkum horft til tvennskonar galla.	Lítt áberandi hraukar/pollar og/eða sjáanlegar kveikingar (1 - 2 kveikingar).	10%

		Blindkveikinga, nánar tiltekið sjánleg samskeyti, og sjáanlegra slaglóðshrauka og /eða slaglóðspolla. (hraukar/pollar) Fjöldi efnishrauka og blindkveikinga (sjáanlegar kveikingar) þarf að skoða í samhengi við sjáanleika þeirra. Þessar tvær tegundir galla	Áberandi hraukar/pollar og/eða sjáanlegar kveikingar (3 - 4 kveikingar).	25%
		flokkast hliðstætt samanber töfludálk yfir frávik í smíði. Ef ófullnægjandi samanlagðar kveikingar stykkisins fara yfir 1/2 er gefið núll fyrir verkþáttinn. Sama á við ef verkefnið er fullunnið en ósamsett (ókveikt). Ef slaglóð hefur dregið til efni með myndun polla er það metið til jafns við frádrátt vegna slaglóðshrauka.	Áberandi hraukar/pollar og/eða sjáanlegar kveikingar, ¼ til ½ samanlagðar kveikingar eða 4 - 5 gallar af hverri tegund galla fyrir sig.	50%
			Áberandi hraukar/pollar og/eða sjáanlegar kveikingar meira en ½ kveikinga eða meira en 5 gallar af hverri tegund galla fyrir sig.  Ósamsett og ókveikt stykki.	100%
5%	Innfatning:	Í flestum tilfellum er gerð krafa um smíði heilfatningar (rörafatning) við smíði sveinsprófsverkefnis. Krafa er gerð um að fatningin sé gallalaus, hún standist mál m.v. teikningu og/eða verklýsingu og sé fullkomlega formuð (kringlótt sé kringlótt). Steininn þarf að sitja í réttri hæð, beinn og lagt jafnt að honum. Fullur frágangur felur í sér að „skorið“ sé í kringum steininn, t.d. ró sé skorin með flötum al, öðru bitverkfæri eða, eftir því sem við á, pólerstáli.	Missmíði á fatningu.  Skakkur steinn.  Innföttun ójöfn (illa lagt að steini).  Ró eftir innföttun (sbr. skurð kringum stein).  Ef framantalin atriði eru öll óviðunandi.	50%  50%  30%  30%  100%
15%	Slípun og pólering:	Ekki er dregið niður þótt lítt áberandi eldhúð sé á verkefninu á meðan það er fullslípað og pólerað með fullnægjandi mótí. Ef próftaki hefur aðstöðu til að hreinsa hana af stykkinu kemur það til hækkunar um 10%, á mótí frádrætti, í þessum matsþætti. Sem stendur er ekki aðstaða til efnafræðilegrar eða rafrænnar meðhöndlunar á prófstað. Ef eldhúð skilur eftir sig matta og/eða mislita áferð er það til lækkunar. Allir smíðahlutar	Áberandi áferð vegna eldhúðar.  Lítt áberandi hraukar eða þjalaför eftir fjarlægingu þeirra(1–5).  Lítt áberandi þjalaför.	30%  20%  20%

		verkefni eiga að vera fullslípaðir. Slípun og pólering eiga að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til söluhæfs hlutar. Þjalaför (og/eða för eftir búffla) eiga hvergi að vera sjáanleg. Pollar eftir slípivinnu eiga ekki að vera sjáanlegir né hvers konar misspeglun.	Áberandi þjalaför og önnur missmíð.	50%
			Ef framantalin atriði eru öll í ólagi en viðunandi frágangur.	50%
			Ef framantalin atriði eru öll óviðunandi.	100%
30%	Heild – frágangur:	Smíðisgripur þarf að standast þær kröfur sem gerðar eru til seljanlegrar vöru. Ef áberandi gallar eru vegna heildarútlits hlutarins, t.d. vegna annara matsþátta, dregur það einkunn fyrir þennan þátt strax niður. Ef smíðin er að öðru leyti góð en smíði er ekki að öllu leyti lokið, td. innföttun eða frágangur „mekkanisma“ (t.d. lás, löm, prjónn) verður það strax til frádráttar. Við skoðun þessa matshluta koma fleiri ótiltekin atriði til álita þótt þau séu ekki upp talin. Ef smíðisgripur er ósamsettur (ókveiktur) þurfa önnur atriði að vera í fullkomnu lagi. (málsetningar réttar og forvinna og slípun í góðu lagi). Ef allir framantaldir þættir, þ.e.a.s. málsetning, kveiking, innfatning og slípun og pólering ná ekki 50% árangri er gefið núll fyrir þennan þátt.	Innföttun alvarlega áfátt eða ólokið, mekkanismar ófrágengnir.	50%
			Smíðisgripur er ósamsettur (ókveiktur) en í lagi að öðru leyti.	50%
			Smíðisgripur skakkur og stenst illa mál miðað við teikningu og verklýsingu.	50%
			Ef framantalin atriði eru öll óviðunandi.	100%
			Ef aðrir matsþættir (málsetn., kveik. sl+pól og innfatn.) ná ekki 50% meðaltali.	100%

- Próftaka ber að sýna snyrtimennsku og hreinlæti í umgengni og ganga frá verkfærum og efni í lok dags. Persónulegt hreinlæti og snyrtimennska skal vera til fyrirmyndar.
- Ef próftaki sýnir af sér slök vinnubrögð í prófi að mati yfirsetumanna kemur slíkt til lækkunar í liðnum Heild – frágangur, allt að 30% í frádrátt.

## EINKUNNAGJÖF

### SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en tíu dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófið hefur verið haldið.

Próftakar eru boðaðir til fundar við prófnefnd strax að loknu mati verklegs prófs og fer prófsýning þá fram og sveinsprófstaki er upplýstur um hvort hann hafi náð sveinsprófi eða ekki. Nánari sundurliðun á einkunn liggur ekki fyrir á þeim tíma. Próftökum er þá gefinn kostur á að sjá niðurstöður úr sínu eigin prófi og geta óskað eftir nánari skýringum á prófverkefninu (sbr. 15. gr. reglugerðar). Úrlausnir skulu vera tilbúnar eigi síðar en 24 dögum eftir próf. Endurtaka er aðeins möguleg á næsta reglulegu sveinsprófi.

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti, í eitt ár eftir að prófi lýkur.

Skriflegum úrlausnum skal eytt tryggilega að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd/IÐAN ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála skal lúta reglugerð nr. 689/2009 um sveinspróf.

## ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma alla prófvikuna, vikmörk eru 30 mínútur. Ef próftaki mætir seinna en það í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi nema gild rök liggja fyrir.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem upp eru gefin í upplýsingabréfi sem afhent er á kynningarfundum vegna sveinsprófsins.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara. Yfirgefi próftaki prófsvæðið án heimildar varðar það brottvikningu úr prófi.
- Aðgangur próftaka eða óviðkomandi aðila að vinnustofu/prófstað er óheimill utan prófatíma án viðveru fulltrúa sveinsprófsnefndar. Brot á ákvæðinu varðar brottvísun úr prófi.
- Það er ófrávíkjanlegt skilyrði að próftaki ljúki skriflegu prófi á tilskildum tíma þess til þess að heimilt sé að ljúka verklegum hluta sveinsprófsins nema lagt sé fram gilt læknisvottorð.
- Framhald sveinsprófstöku er háð því að heilsufar próftaka leyfi það samkvæmt læknisvottorði.
- Stranglega bannað er að próftaki hafi með sér prófgögn af prófstað og öll afritun teikninga, þar með talin ljósmyndun, þeirra eða prófstykkja er óheimil, ef próftaki verður uppvís að slíku varðar það brottvikningu úr prófi.
- Skila skal öllum prófgögnum, teikningum, próflýsingu, efni og smíðishlutum til varðveislu prófnefndar í lok hvers vinnudags.
- Próftaki skal skila öllum framlögðum prófgögnum í lok prófs, teikningum, verklýsingu og öðrum þeim gögnum sem prófnefnd afhendir við upphaf prófsins. Verði misbrestur á því getur það varðað brottvikningu úr prófi (falli).

- Ekki er haldið sérstakt sjúkrapróf í verklegum hluta sveinsprófs. Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður haldið. Sjúkrapróf fyrir skriflegt próf er samkvæmt almennum reglum haldið þremur dögum eftir reglulegt skriflegt próf. Slíkt próf er því lagt strax að loknu verklegu prófi.
- Ef staðfesting liggur fyrir frá viðkomandi framhaldsskóla um sérstakar þarfir / námsörðugleika fær viðkomandi sveinsprófstaki viðbótartíma, hámark 30 mín.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsáðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.
- Próftakar skulu virða kröfur um fyrirkomulag hádegishlés.

*Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.*